

**Gömbusónata** nr 2 í D dúr BWV 1028 eftir Bach er önnur í röð þriggja sónata sem Bach skrifaði fyrir víóla da gamba og hljómborð. Hún var skrifuð á árunum 1717 - 1723 er Bach var tónlistarstjóri við hirð prins Leopolds von Anhalt í Köthen. Eflaust voru gömbusónöt-urnar samdar fyrir prinsinn sjálfan þar eð hann var ágætur hljóðfæra-leikari.

**A dúr sónatan** eftir Beethoven er tileinkuð konunglega hirðráðgjaf-  
anum í Vínarborg, barón Ignazi von Gleichenstein. Hún er samín á  
árunum 1807-8 á sama tíma og Beethoven var að ljúka 5. sinfóníu  
sinni.

**Myndir á þili** eftir Jón Nordal var samið árið 1992 og frumflutt á  
Listahátíð í Reykjavík sama ár af þeim Gunnari Kvaran og Gísla  
Magnússyni. Nafnið á verkinu, og yfirskrift þáttanna fjögurra er sótt  
í smiðju íslenskra ljóðskálda.

**Pièce en forme de Habanera** (Verk í Habanera stíl) eftir franska  
tónskáldið Maurice Ravel er umskrifað fyrir selló og píanó af franska  
sellóleikaranum Paul Bazelaire. Habanera er kúbverskur dans og  
hafði meðal annars mikil áhrif á mótun tangósins í Argentínu.

**Le Grand Tango** (Stóri tangóinn) eftir argentínska tónskáldið Astor  
Piazzolla er tileinkaður Mstislav Rostropovich. Tangódans og tónlist  
eru upprunnin í vændishúsum Argentínu en í dag er tangó leikinn í  
tónleikasölum um víða veröld

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

# Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ásdís Arnardóttir  
sellóleikari

og

Jón Sigurðsson  
píanóleikari

Þriðjudaginn 6. ágúst 1996 kl. 20:30

Ásdís Arnardóttir nam sellóleik hjá George Neikrug í Boston í Bandaríkjunum, Richard Talkowsky í Barcelona og Gunnari Kvaran í Reykjavík. Hún hefur haldið tónleika í Bandaríkjunum og á Spáni.

Jón Sigurðsson píanóleikari stundaði nám hjá Helgu Laxness og Halldóri Haraldssyni í Reykjavík, Eriku Haase í Hannover í Þýskalandi og Caio Pagano í Phoenix í Bandaríkjunum og hefur haldið tónleika í Bandaríkjunum og á Íslandi.

Á námsárum sínum léku þau Ásdís og Jón saman í Tónlistarskólanum í Reykjavík og á síðastliðnum vetri tóku þau upp þráðinn á ný.

### *Efnisskrá*

Johann Sebastian Bach (1685 - 1750)	Gömbusónata nr. 2 í D dúr BWV 1028 1. Adagio 2. Allegro 3. Andante 4. Allegro
Ludwig van Beethoven (1770 - 1827)	Sónata nr. 3 í A dúr op. 69 1. Allegro, ma non tanto 2. Scherzo (Allegro molto) 3. Adagio cantabile - Allegro vivace
Jón Nordal (f. 1926)	Myndir á þili Brostin augu vatnanna Pegar íshjartað slær Skrifað í vindinn Allt með sykri og rjóma
Maurice Ravel (1875 - 1937)	Pièce en forme de Habanera
Astor Piazzolla (1921 - 1992)	Le Grand Tango